

1873.

11. grein.

26. febrúar.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 3,747 rd. 47 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.¹

27. febrúar.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tíundagjörð².

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, nokkur exemplör af reglugjörð, 13. þ. m., sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, skal þess getið, að það hefir þótt ísjárvert, að taka í reglugjörðina ákvörðun þá, sem amtmáðurinn yfir vesturumdæminu hafði stungið uppá, og þér fallizt á í bræfi yðar 26. júní f. á., að sýslumenn skuli á manntalsþingum láta að minnsta kosti einn skattmann vinna eið að því, að tíundagjörð hans sè rétt, en að öðru leyti hefir stjórnarráðinu fundizt það henta, að brýnt sè fyrir sýslumönnum, að hafa vandlega gætur á, hvort tíundagjörðir manna sè réttar, og höfða málsókn, ef grunur verður um tíundasvik, og mælist stjórnarráðið til, að þér segið tæðum embættismönnum fyrir um þetta, um leið og þér útbýtið meðal þeirra reglugjörðinni.

27. febrúar.

12. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast 24. þ. m. að veita prestaskólakandidat Páli Ólafssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og hann sè orðinn 23 ára að aldri.

¹) Þær „skýrandi athugasemdir“, sem fylgja áætlun þessari, voru prentaðar einungis á Dönsku, en eru íslenskaðar í Skýrslum um landshagi á Íslandi V, 500—521, og þar við bætt nokkrum skýringum (sst. bls. 521—524).

²) Sama dag var hinum amtmönnum skrifað á sömu leið.